

Afgreiðsla byggingarfulltrúa skv. viðauka 2.4 um embættisafgreiðslur byggingarfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar

Árið 2025, þriðjudaginn 24. júní kl. 10:20 fyrir hádegi hélt byggingarfulltrúinn í Reykjavík 1212. fund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar umhverfis- og skipulagsráðs. Fundurinn var haldinn á skrifstofu byggingarfulltrúa 3. hæð Borgartúni 12-14, Gjáin.

Fundinn sátu: Brynjar Þór Jónasson, Edda Þórsdóttir, Hafðís Anna Bragadóttir, Margrét Pálína Cassaro og Sigrún Reynisdóttir.

Fundarritari var Guðrún Ósk Hrólfsdóttir.

Þetta gerðist:

1. Arnarhlíð 1 - USK25050074

Sótt er um leyfi til að innrétta grunnskóla, fjórar kennslustofur fyrir 55 börn og fimm starfsmenn í rými ? á 1. hæð í íbúðar- og atvinnuhúsi á lóð nr. 1 við Arnarhlíð.

Erindi fylgir yfirlit breytinga og svör við athugasemdum byggingarfulltrúa.

Frestað. Vísað til athugasemda.

2. Arnarhlíð 8 - USK25050044

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN054709 vegna lokaúttektar þar sem gerðar eru minni háttar breytingar á útgöngum í bílakjallara í rýmum 0101 og 0102 og reyklosun og brunavörnum á 1. hæð og í kjallara íbúðar- og atvinnuhúss á lóð nr. 8 við Arnarhlíð.

Erindi fylgir yfirlit breytinga og viðbrögð við athugasemdum SHS við Öryggisúttekt dags. 27. apríl 2025.

Frestað. Vísað til athugasemda.

3. Austurbakki 2, mhl. 16 - USK24020030

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK24020028 og innrétta skrifstofur á 1. hæð og í kjallara, í rými þar sem áður var verslunar- og þjónusturými í mhl. 16 á lóð nr. 2 við Austurbakka.

Erindi fylgir yfirlit breytinga, brunahönnun frá EFLU uppfærð 16. apríl 2025, greinargerð um athugasemdir skipulagsfulltrúa, umsögn skipulagsfulltrúa dags. 15. febrúar 2024 og bókun skipulagsfulltrúa dags. 13. febrúar 2025 þar sem ekki er gerð athugasemd við erindið.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

4. Aðalstræti 6 - USK25050237

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK24070177 með því að breyta innra skipulagi í kjallara, opna aðgengi að tæknirými og breyta aðgangi að Aðalstræti 8 og þar með flóttaleið á milli bygginga í húsi á lóð nr. 6 við Aðalstræti.

Erindi fylgir yfirlit breytinga.

Frestað. Lagfæra skráningartöflu.

5. Ánanaust 8 - USK25050205

Sótt er um leyfi til að byggja starfsmannabyggingu úr stáleiningum á lóð nr. 8 við Ánanaust.

Stærð: xx ferm., xx rúmm.

Frestað. Vísað til athugasemda.

6. Ármúli 31 - USK25010108

Sótt er um leyfi til að byggja 4-6 hæða steinsteypt fjölbýlishús með 253 íbúðum, 108 á B-reit og 145 á C-reit og bílakjallara með 221 stæði sem tengist bílakjallara undir D-reit á Orkureit á lóð nr. 31 við Ármúla.

Erindi fylgir brunahönnun frá Örugg dags. 30. apríl 2025, dagsbirtuútreikningar frá Verkvist dags. 11. nóvember 2024 og fylgiskjal um algilda hönnun.

Stærð mhl. 08, A-rými: 35.079,1 ferm., B-rými: 1.507,9 ferm., 118.199,7 rúmm.

Frestað. Vísað til athugasemda.

7. Bakkastaðir 2 - USK25050075

Sótt er um leyfi til að innrétta skóla fyrir börn með fjölþættar fatlanir með því að endurskipuleggja og aðlagja kennslustofur og stuðningsrými og bæta aðgengi fyrir alla í Korpuskóla á lóð nr. 2 við Bakkastaði.

Erindi fylgir yfirlit breytinga, greinargerð um ábyrgðarsvið hönnuða dags. 8. maí 2025, hljóðvistargreinargerð frá Myrru dags. 10. apríl 2025, brunahönnun frá Örugg dags. 29. maí 2025 og svör við athugasemdum.

Frestað. Vísað til athugasemda.

8. Bankastræti 2 - USK23120020

Sótt er um leyfi til þess að breyta innra skipulagi vegna breytinga á brunavörnum og koma fyrir flóttastiga frá efri hæð niður með suðurgafli veitingarhúss í flokki 2 tegund a fyrir 72 gesti í veitingahúsinu Lækjarbrekku, mhl.01, á lóð nr. 2 við Bankastræti.

Erindi fylgir ódagsett umsögn Minjastofnunar.

Frestað. Vísað til athugasemda.

9. Barðavogur 34 - USK25050338

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum, m.a. hefur verið innréttuð aukaíbúð í kjallara, tómstundarými í bílskúr og byggt yfir anddyri einbýlishúss á lóð nr. 34 við Barðavog.

Erindi fylgir húsaskoðun byggingarfulltrúa dags, 11. júní 2025.

Stærð eftir breytingar:

Mhl. 01: 247,3 ferm., 696,4 rúmm.

Mhl. 02: 30,1 ferm., 83,2 rúmm.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Það athugist að um er að ræða samþykkt á áður gerðri framkvæmd sem gerð var án byggingarleyfis. Óvissa kann því að vera um uppbyggingu og útfærslu framkvæmdar. Hvorki er skráð verktrygging á verkið né ábyrgðaraðilar.

Til þess að samþykktin öðlist gildi er skilyrt að ný eignaskiptayfirlýsing sé gerð, þar sem verið er að gera breytingar á fjöleignarhúsi.

10. Barónsstígur 34 - USK25050208

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK23050245 vegna lokaúttektar sem snýr að því að fjarlægja skrautgámaeiningu ofan á húsi á lóð nr. 34 við Barónsstíg.

Erindi fylgir yfirlit breytinga.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

11. Bauganes 20 - USK25050333

Sótt er um leyfi til að byggja einbýlishús á þremur pöllum með innbyggðri bílgeymslu úr forsteyptum samlokueiningum á lóð nr. 20 við Bauganes.

Stærð: 256,5 ferm., 899,9 rúmm.

Erindi fylgir greinargerð hönnunarstjóra dags. 20. maí 2025

Frestað. Vísað til athugasemda.

12. Bauganes 32 - USK25050112

Sótt er um leyfi til að byggja viðbyggingu sunnan bílskúrs ásamt því að gerð er grein fyrir nokkrum minniháttar breytingum á innra skipulagi einbýlishúss á lóð nr. 32 við Bauganes

Stækkun: 13,8 ferm., 36,8 ferm.

Samtals eftir breytingu: 225,1 ferm., 1. 710,1 rúmm.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

13. Bitruháls 2 - USK25040385

Sótt er um leyfi til að koma fyrir fjórum 40 feta frystigámum og til að breyta innra skipulagi og flóttaleiðum í atvinnuhúsi á lóð nr. 2 við Bitruháls.

Stærð: xx ferm., xx rúmm.

Erindi fylgir greinargerð frá Brunahönnun slf. dags. 25. febrúar 2025 og lögð fram breyting á deiliskipulagi dags. 8. apríl 2005.

Frestað. Vísað til athugasemda.

14. Bollagata 5 - USK25050336

Sótt er um leyfi til að innrétta íbúð í mhl. 02, bílskúr á lóð nr. 5 við Bollagötu.

Frestað. Vísað til athugasemda.

Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

15. Borgartún 1 - USK25060187

Sótt er um leyfi til að byggja 6- hæða hótél í flokki V tegund a, með alls 302 herbergjum fyrir 610 gesti, auk veitingastaða í flokki III tegund a, fundarsala og afþreyingarýma á 1. hæð og bílakjallara á lóð nr. 1 við Borgartún.

Stærð: 13.725.4 ferm., 47.818.5 rúmm.

Nýtingarhlutfall 3.84

Erindi afgreitt samhliða umsóknum um niðurrif, USK25040126, USK25040127 og USK25040128.

Erindi fylgir hljóðvistarskýrsla Brekke Strand útg. AKU 0, dags. 5. júní 2025, brunahönnunarskýrsla Örugg útg. V01, dags. 6. júní 2025, varmatapsútreikningar útg. 1, dags. 6. júní 2025 og óþinglýst mæliblað 1.216.2 dags. 2. maí 2025.

Frestað. Vísað til athugasemda. Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

16. Breiðhöfði 10 - Niðurrif - USK24110260

Sótt er um heimild til að rífa skrifstofu- og þjónustubyggingu, mhl. 02, á lóð nr. 10 við Breiðhöfða.

Stærð mhl. 02: 472.9 ferm, 1.436.6 rúmm.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

17. Drápuhlíð 14-16 - USK25010222

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi, grafa frá húsi á suðurhlið, byggja hjólaskýli í garði, gera kjallaratröppur á norðurhlið og koma fyrir sorpgerði þar ásamt því að innrétta sex íbúðir í fyrrum heilsugæslu í húsi á lóð nr. 14 við Drápuhlíð.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.

18. Dvergaborgir 8 - USK25030383

Sótt er um leyfi til að setja svalalokanir á allar svalir fjölbýlishúss á lóð nr. 8 við Dvergaborgir.

Erindi fylgja fundargerðir húsfundar dags. 23. janúar og 27. febrúar 2025 og samþykki eiganda.

Frestað. Vísað til athugasemda eldvarnareftirlitsins.

19. Egilsgata 5 - USK25020338

Sótt er um leyfi til að byggja 5 hæða fjölbýlishús með 36 íbúðum og verslunar- og atvinnurýmum á fyrstu hæð, auk bílageymslu, sérgeymslum og tæknirýmum í kjallara í húsi á lóð nr. 5 við Egilsgötu.

Stærð. 6.240 ferm., 21.840,7 rúmm.

Erindi fylgir greinargerð um algilda hönnun dags. 12. febrúar 2025, hljóðvistarskýrsla dags. í júlí 2023, hæðar- og mæliblöð.

Ekki eru gerðar skipulagslegar athugasemdir við erindið samanber tölvupóst skipulagsfulltrúa dags. 7. apríl 2025.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012.

20. Einimelur 17 - USK25040350

Sótt er um leyfi til að steypa nýjan vegg á lóðarmörkum og byggja skyggni úr stáli og timbri yfir bílastæði milli bílskúrs, mhl.02, og einbýlishúss, mhl.01 á lóð nr. 17 við Einimel.

Stækkun B- rými: 26.0 ferm..

Erindi fylgir yfirlit breytinga á afriti aðaluppráttar samþykktum 25. nóvember 2008.

Frestað. Málinu vísað til skipulagsfulltrúa til grenndarkynningar.

21. Eyjarslóð 1 - USK25020048

Sótt er um leyfi til að breyta erindi USK24050177 sem snýr að svölum frá rými 0206, sett er brunahurð á milli brunahólfa í stigagangi 0204, breytt innra skipulagi á 3. hæð auk þess sem matshlutaskráningu er breytt húsi á lóð nr. 1 við Eyjarslóð .

Erindi fylgir greinagerð brunavarna og samþykki meðeigenda.

Frestað. Vísað til athugasemda.

22. Fjarðarsel 20 - USK25050339

Sótt er um leyfi til þess að setja svalalokanir á svalir 0202 á suðausturhlið raðhúss við Fjarðarsel 20, mhl.01, á lóð nr. 20-36 við Fjarðarsel.

Erindi fylgir samþykki hluta meðlóðarhafa á lóð nr. 20-26 við Fjarðarsel.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

23. Fossaleynir 19-23 - USK25050045

Sótt er um leyfi til að byggja stálgrindarhús, að hluta til á tveimur hæðum fyrir ísgerð, klætt berandi steinullareiningum sem verður nr. 19 og mhl. XX á lóð nr. 17-19 við Fossaleyni. Erindi fylgir brunahönnun dags. 30. apríl 2025 og útreikningur á varmatapi dags. 5. maí 2025. Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 19. júní sl., fylgir erindi.

Stærð: 3.392 ferm., 36.389,7 rúmm.

Frestað. Með vísan í umsögn skipulagsfulltrúa dags. 19. júní 2025.

24. Frakkastígur 1 - USK25030135

Sótt er um að breyta erindi USK23110212 þannig að eignarhaldi í bílakjallara er breytt, eignum er fækkað með því að sameina íbúðir á 5. hæð í íbúð 0501, útskotsgluggum og þvottahúsum er breytt og skráningartafla uppfærð fyrir fjölbýlishús á lóð nr. 1 við Frakkastíg.

Erindi fylgir yfirlit breytinga dags. 23. janúar 2024, greinargerð um brunavarnir dags. 21. nóvember 2023 og minnisblað arkitekts um algilda hönnun dags. 20. júní 2025.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimulum og stofnerindi.

25. Frakkastígur 13 - Gluggar á austurhlið - USK25020162

Sótt er um leyfi fyrir nýjum gluggum á austurhlið hússins nr. 13 við Frakkastíg. Sama og USK25010308 og USK25010315

Synjað. Samanber leiðbeiningar á athugasemdashlaði.

26. Grandagarður 23 - USK25050363

Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi USK23110062 þannig að stigi frá starfsmannarými á efri hæð er fjarlægður og þess í stað settur nýr hringstigi með aðgengi að sal á veitingarstað í flokki ? teg? fyrir ? gesti í atvinnuhús á lóð nr. 23 við Grandagarð.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á afriti aðaluppdráttar samþykktum 23. janúar 2024.

Frestað. Vísað til athugasemda.

27. Grófarsel 28 - USK24100081

Sótt er um leyfi til að byggja viðbyggingu við suðvesturhlið parhúss sem er mhl. 07, nr. 28 við Grófarsel.

Stækkun: 14,8 ferm., 40 rúmm.

Eftir stækkun: 248,4 ferm., 748,8 rúmm.

Frestað. Vísað til athugasemda.

28. Hlésgata 1 - USK25050140

Sótt er um leyfi til að byggja 3-5 hæða fjölbýlishús með 110 íbúðum sem skiptist í sjö húshluta ofanjarðar á sameiginlegum bílakjallara með 52 bílastæðum og atvinnurýmum á jarðhæð að Rastargötu, á lóð nr. 1 við Hlésgötu.

Erindi fylgir hljóðvistargreinargerð frá Myrru dags. 6. maí 2025.

Stærð: 4.382,8 ferm., 13.758,9 rúmm.

Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

29. Hringbraut 118 - USK25050337

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi í rými 0103 í húsi á lóð nr. 118 við Hringbraut.

Erindi fylgir yfirlit breytinga.

Frestað. Vísað til athugasemda eldvarnareftirlitsins.

30. Hringbraut 121 - USK25030194

Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi USK24040341 þannig að innra skipulagi er breytt á 1. hæð í atvinnuhúsi á lóð nr. 121 við Hringbraut.

Erindi fylgir yfirlit breytinga og hæðarblað dags. 04.2002

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

31. Hverfisgata 39 - USK25040302

Sótt er um leyfi til þess að breyta innra skipulagi og innrétta snyrtistofu á jarðhæð og í kjallara, rými 0101, í verslunar-og sambýlishúsi á lóð nr. 39 við Hverfisgötu.

Erindi fylgir bréf hönnuðar dags. 1. júní 2025, afrit af eignaskiptasamningi samþykktum 13. september 1994 og afrit af aðaluppdrætti samþykktum 8. október 1936.

Frestað. Vísað til athugasemda.

32. Háagerði 33 - USK25030160

Sótt er um leyfi til þess að stækka kvist á norðurþekju samfara endurnýjun þakklæðningar, koma fyrir nýjum þakglugga ofan við baðherbergi, stækka glugga á norðurgafli rishæðar og gera nýjan stiga á milli hæða og breyta innra skipulagi á efri hæð í raðhúsi á lóð nr. 33 við Háagerði.

Stækkun: 3.5 ferm., 8.2 rúmm.

Erindi fylgir umsögn skipulagsfulltrúa dags. 8. maí 2025, samþykki meðeigenda á teikningu Atríum nr. 001 dags. 18. febrúar 2025 og yfirlit breytinga á afriti aðaluppdráttar samþykktum 5. ágúst 1954.

Frestað. Lagfæra skráningu.

33. Hátún 39 - USK25050485

Sótt er um leyfi til að byggja kvist á norðurhlið rishæðar, koma fyrir þakglugga á suðurhlið, svalir á rishæð breikkaðar um 60 cm. og breyta innra skipulagi í húsi á lóð nr. 39 við Hátún.

Erindinu fylgir mæliblað dags. 1. júlí 1947.

Frestað. Vísað til athugasemda.

34. Kamsbsvegur 20 - USK25040025

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum sem felast í að komið hefur verið fyrir nýjum þakgluggum og eignarhaldi breytt í risi í fjölbýlishúsi á lóð nr. 20 við Kamsbsveg.

Erindi fylgir samþykki meðeiganda dags. 3. apríl 2025, yfirlýsing um eignarhald á risi dags. 6. janúar 2000 og yfirlit breytinga.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Það athugist að um er að ræða samþykkt á áður gerðri framkvæmd sem gerð var án byggingarleyfis. Óvissa kann því að vera um uppbyggingu og útfærslu framkvæmdar. Hvorki er skráð verktrygging á verkið né ábyrgðaraðilar.

Til þess að samþykktin öðlist gildi er skilyrt að ný eignaskiptayfirlýsing sé gerð, þar sem verið er að gera breytingar á fjöleignarhúsi.

35. Klapparstígur 31 - USK25040439

Tilkynnt er um framkvæmd sem felst í að setja upp stálgirðingu við port á lóð nr. 31 við Klapparstíg.

Erindinu fylgir umsögn skipulagsfulltrúa vegna fyrirspurnar dags. 5. desember 2024 og tölvupóstur frá SHS vegna fyrirspurnar dags. 8. maí 2024.

Frestað. Vísað til athugasemda.

36. Korngarðar 13 - USK25040278

Sótt er um leyfi til þess að breyta innra skipulagi og innréttu fyrir matvælaframleiðslu, lager og vörumóttöku í rými 0103 og koma fyrir útblástursröri á suðausturhlið á lager-og vöruhúsi á lóð nr. 13 við Korngarða.

Erindi fylgir yfirlit breytinga á afriti aðaluppdráttu samþykktum 17. desember 2024.

Frestað. Vísað til athugasemda.

37. Korngarðar 3 - USK25030245

Sótt er um leyfi til þess að breyta innra skipulagi lítillaga, koma fyrir 127 fermetra milligólfi úr stáli fyrir vélabúnað og bæta við færibandi í rými 0101 í vöruhúsi á lóð nr. 3 við Korngarða.

Erindi fylgir afrit aðaluppdráttu samþykktum 18. september 2018.

Frestað. Vísað til athugasemda.

38. Kringlan 4-6 - USK25050446

Sótt er um leyfi til að byggja flóttastiga niður eina hæð ofan á þak Kringlunnar og innréttu rými fyrir Blóðbankann í skrifstofurými á 5. hæð "Stóra turns" á lóð nr. 4-6 við Kringluna.

Erindi fylgir bréf til byggingarfulltrúa dags. 26. maí 2025.

Frestað. Vísað til athugasemda.

39. Lambhagavegur 33 - USK25010190

Sótt er um leyfi til þess að byggja 2- 4 hæða skrifstofu- og verslunarhús með bílageymslu á lóð nr. 33 við Lambhagaveg.

Stærð: 5.443.4 ferm., 22.332.8 rúmm.

Nýtingarhlutfall 0.63

Erindi fylgir ódagsett greinargerð um aðgengi, ódagsett greinargerð hönnuðar, minnisblað Lotu verkfræðistofu um brunavarnir dags. 16. janúar 2025, mæliblað 2.645.1 dags. 26. júní 2012 og hæðablað 2-645-1 dags. 2. febrúar 2023.

Frestað. Lagfæra skráningu.

40. Langholtsvegur 114 - USK25050302

Sótt er um leyfi til að byggja sólstofu og viðbyggingu ofan á svalir á efri hæð húss á lóð nr. 114 við Langholtsveg.

Umsókn fylgir samþykki meðeigenda dags. 13. maí 2025.

Stækkun: xx ferm., xx rúmm.

Eftir stækkun: xx ferm., xx rúmm.

Frestað. Vísað til athugasemda.

41. Laufásvegur 11 - USK25010042

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum sem felast í því að fyrrum heilsugæslu hefur verið breytt í íbúð 0101 í húsi á lóð nr. 11 við Laufásveg.

Erindi fylgir skýrsla um húsaskoðun dags. 11. mars 2025 , greinargerð hönnuðar dags. 15. febrúar 2025 og yfirlit breytinga á teikningu c2c1- útg. 1.

Frestað. Vísað til athugasemda.

42. Laugavegur 16 - USK25050486

Sótt er um leyfi til að rífa fjarlægja austari hluta húss, hækka þann vestari um eina hæð og byggja steinsteypa viðbyggingu, fjórar hæðir og kjallara á lóð nr. 12b, opna yfir lóðamörk til austurs og innrétta nýtt anddyri/aðalinngang og stækkun á Hótel Skjaldbreið sem þar er, einnig er sótt er um leyfi til að byggja steinsteypa viðbyggingu á baklóð, þrjár hæðir og kjallara og stækka á Hótel Skjaldbreið á lóð nr. 16 við Laugaveg.

Frestað. Vísað til athugasemda.

43. Lofnarbrunnur 30 - USK25050016

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN058963 vegna lokaúttektar með því að breyta staðsetningu sorps, setja glerhandrið á svalir og til að byggja stoð- og lóðarveggi umhverfis lóð einbýlishúss nr. 30 við Lofnarbrunn.

Erindi fylgir yfirlit breytinga og samþykki lóðarhafa Lofnarbrunn 28 og Lofnarbrunn 32 áritað á uppdrætti.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

44. Lundahólar 5 - USK24020163

Sótt er um leyfi til að byggja frístandandi hús, mhl. 02, og innrétta þar aukaíbúð við einbýlishús á lóð nr. 5 við Lundahóla.

Jafnframt er erindi USK24020126 dregið til baka.

Erindi fylgir afgreiðsla skipulagsfulltrúa frá 7. mars 2024 þar sem ekki er gerð athugasemd við erindið.

Stækkun: 40 ferm., 132 rúmm.

Frestað. Vísað til athugasemda.

45. Melbær 16 - USK25040384

Sótt er um leyfi til þess að breyta erindi USK24050289 þannig að geymsla er minnkuð til að koma fyrir baðherbergi í kjallara raðhúsi nr. 16, mhl.02, á lóð nr. 14-20 við Melbæ.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

46. Mýrargata 33 - USK25050365

Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi eignar 0115, í fjölbýlishúsi á lóð nr. 33 við Mýrargötu.

Frestað. Vísað til athugasemda.

47. Njálsgata 104 - USK25050487

Sótt er um leyfi til að setja svalahurð á suðurhlið húss á lóð nr. 104 við Njálsgötu.

Erindi fylgir staðfesting burðarþolsverkfræðings dags. 19. maí 2025 og samþykki meðeigenda.

Frestað. Vísað til athugasemda.

48. Skólavörðustígur 42 - USK25050340

Sótt er um leyfi til að koma fyrir veitingastað í flokki I teg. b auk þess að breyta innra skipulagi í húsi á lóð nr. 42 við Skólavörðustíg.

Erindi fylgir mæliblað.

Frestað. Vísað til athugasemda.

49. Skútuvogur 4 - USK25050395

Sótt er um leyfi til að breyta notkun mhl. 02 í verslun og lager auk þess að breyta útliti á vestur- og suðurgafli á húsi á lóð nr. 4 við Skútuvog.

Erindi fylgir greinargerð um brunavarnir dags. 19. maí 2025 og samþykki meðeiganda dags. 26. maí 2025.

Frestað. Vísað til athugasemda.

50. Snorrabraut 29 - USK23040092

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum sem snúa að því að setja svalir og breyta innra skipulagi í rýmum 0201, 0202 og 0205 og færa geymslur úr íbúðum niður í kjallara í húsi á lóð nr. 27-29 við Snorrabraut.

Lögð er fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 11. febrúar 2021 og 28. september 2023 og tillaga að breytingu á skilmálum deiliskipulags samþykkt 5. september 2024.

Erindi fylgir samþykki meðeigenda sem vísar í skjal dags. 29. júní 2023 og 3. febrúar 2025.

Frestað. Vísað til athugasemda.

51. Snorrabraut 54A - USK25050273

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN060664 og USK23040083 vegna lokaúttektar þannig að byggingarlýsing breytist lítillaga varðandi loftræstingu, einangrun í þaki og efni í gluggum í fjölbýlishúsi á lóð nr. 54A við Snorrabraut.

Erindinu fylgir yfirlit breytinga.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.

52. Snorrabraut 79 - USK23060110

Sótt er um leyfi til þess að breyta notkun og innra skipulagi og innrétta gistihús í flokki I teg. minna gistiheimili fyrir hámark 10 manns ásamt starfsmannaaðstöðu í húsi á lóð nr. 79 við Snorrabraut.

Erindi fylgir breytt greinargerð hönnunar vegna breytinga á erindislýsingu dags. 10. desember 2024, greinargerð hönnuðar vegna breytingar á umfangi umsóknar dags. 10. apríl 2024 og yfirlit breytinga á afriti aðaluppdráttar samþykktum 14. október 1943.

Frestað. Vísað til athugasemda eldvarnareftirlitsins.

53. Snorrabraut 85 - USK25050092

Sótt er um leyfi til að innrétta gististað í flokki ? og uppfæra brunavarnir í húsi á lóð nr. 85 við Snorrabraut.

Erindinu fylgir gátlisti byggjanda.

Frestað. Vísað til athugasemda. Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

54. Suðurrhólar 10 - USK25060256

Sótt er um leyfi til að koma fyrir tímabundið tólf sambyggðum skólastofum, mhl. 02, úr stálgrindareiningum við Hólabrekkuskóla á lóð nr. 10 við Suðurrhóla.

Stærð: 1.185,5 ferm., 4.054,4 rúmm.

Frestað. Vísað til athugasemda.

55. Sæmundargata 4-10 - USK25050207

Sótt er um leyfi fyrir áður gerðum breytingum vegna gerðar eignaskiptasamnings í húsi á lóð nr. 4-10 við Sæmundargötu.

Frestað. Vísað til athugasemda.

56. Sæviðarsund 32 - USK25050342

Sótt er um leyfi til þess að stækka stofu með viðbyggingu til suðurs og stækka eldhús með því að minnka þvottahús og fjarlægja sorpgeymslu, einnig er sótt um að stækka eldhúsglugga á norðurhlið raðhúss við Sæviðarsund 32, mhl.04, á lóð nr. 26-32 við Sæviðarsund.

Stækkun: 21.7 ferm., 170.1 rúmm.

Erindi fylgir ódagsett samþykki meðlóðarhafa með vísan í aðaltekningar dags. 16. maí 2025 og yfirlit breytinga á afriti aðaluppdráttar samþykktum 24. september 1964.

Frestað. Vísað til athugasemda.

57. Síðumúli 21 - USK25040404

Sótt er um leyfi til þess að fjölga eignum með því að skipta rými 0101 í tvær eignir; rými 0101 og rými 0102, breyta innra skipulagi og innrétta sem tvö sjálfstæð atvinnurými í verslunar- og skrifstofuhúsi, mhl.01, á lóð nr. 21.

Erindi fylgir afrit aðaluppdráttar samþykktum 12. mars 1964.

Frestað. Vísað til athugasemda.

58. Sólvallagata 79 - USK24110374

Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN058402 vegna lokaúttektar þannig að frágangur lóðar er uppfærður, breyting á girðingu í SA horni, byggingarlýsing uppfærð, aðkoma sorpbíla er færð og breyting á björgunaropi á stigagangi bogabyggingar til austurs á fjölbýlishúsum á lóð nr. 79 við Sólvallagötu.

Erindi fylgir yfirlit breytinga.

Frestað. Vísað til athugasemda.

59. Thorsvegur 1 - USK25050334

Sótt er um að byggja tveggja hæða stálgrindarhús fyrir skrifstofur, vélageymslu og lager, koma fyrir 6 bílastæðum og steinsteyptum jarðvegshólfum á skika 8, með aðkomu frá Thorsvegi á landi golfklúbbs Reykjavíkur við Korpúlfsstaði.

Stærð: 791.5 ferm., 2.179.6 rúmm

Erindi fylgir greinargerð hönnunarstjóra dags. 20. maí 2025, útreikningar u-gilda útg. 1 dags. 11. desember 2020, hæðablað fyrir skika 8 dags. 19. febrúar 2025.

Frestað. Vísað til athugasemda. Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

60. Tryggvagata 21 - USK25030451

Sótt er um leyfi til að innrétta verslun í rými 0115 - T-10,1 í mhl. 07 í húsi á lóð nr. 21 við Tryggvagötu.

Erindinu fylgir samantekt brunavarna dags. 24. mars 2025 og greinargerð brunahönnunar dags. 25. mars 2025.

Samþykkt. Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.

61. Urðarstígur 16 - USK24100345

Sótt er um leyfi til þess að breyta notkun íbúðarhúss í gististað í flokki II tegund g, fyrir allt að 10 gesti og bæta við flóttaleið með því að gera brú yfir kjallarainngang á vesturhlið húss á lóð nr. 16 við Urðarstíg.

Erindi afgreiðist samhliða erindi USK24040268 umsókn um áður gerðar breytingar.

Erindi fylgir greinargerð hönnuðar dags. 24. október 2024 og sem hluti af teikningasetti, yfirlit breytinga á aðaluppdráttum samþykktum 13. nóvember 1986. Minnisblað skrifstofu stjórnslu og gæða, dags. 20. mars 2025.

Frestað. Vísað til athugasemda.

62. Þverholt 14 - USK25050236

Sótt er um leyfi til þess að loka innkeyrslum að bílakjallara með rafknúnum iðnaðarhurðum með gönguhurðum í, opna á milli rýma á 5. hæð með því að fjarlægja tvær hurðir og sameina rými 0501 og 0502 í eina eign 0501, fella út brunakröfur á hurðir að stighúsi á 2. hæð og uppfæra brunahönnun verslunar- og skrifstofuhúss á lóð nr. 14 við Þverholt.

Erindi fylgir minnisblað hönnuðar dags. 9. maí 2025, samþykki formanns húsfélags í tölvupósti dags. 16. apríl 2025, fundargerð aðalfundar Húsfélags Þverholti 14 dags. 4. apríl 2025 og yfirlit breytinga á afriti aðaluppdráttar samþykktum 30. ágúst 2005 og 19. nóvember 2024.

Frestað. Vísað til athugasemda.

63. Öldugata 59 - USK25030455

Sótt er um leyfi til að stækka kvisti á norðurhlið fjölbýlishúss á lóð nr. 59 við Öldugötu.

Skipulagsfulltrúi gerir ekki athugasemd sbr. bókun á afgreiðslufundi dags. 19. júní sl.

Erindi fylgir tölvupóstur með umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 11. júní 2025.

Stækkun: 7,3 ferm., 11,5 rúmm.

Frestað. Vísað til athugasemda.

Fundi slitið kl. 12:00

**Brynjar Þór Jónasson
Edda Þórsdóttir
Hafdís Anna Bragadóttir
Margrét Pálína Cassaro
Sigrún Reynisdóttir
Guðrún Ósk Hrólfsdóttir**